

Bjargið ehf.
Kt.: 480304-2760
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 04.07.2025
Tilv. 2025-04-01-0328

Efni: Ákvörðun um afturköllun vigtunarleyfis. Ítrekað veruleg frávik á íshlutfalli.

Fiskistofa hefur lokið meðferðar máls er varðar ætluð ítrekuð veruleg frávik á íshlutfalli hjá endurvigtunarleyfishafa, Bjargið ehf., kt. 480304-2760. Í málinu var til skoðunar hvort uppfyllt væru efnisskilyrði 7. mgr. 17. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 um hvort *ítrekað* hafi orðið veruleg frávik á íshlutfalli hjá skipum sem landa hjá málsaðila, sbr. 3. mgr. 13. gr. sömu laga.

I. Málsvik

Eftirlit með endurvigtun 31. mars og 2. apríl 2025. Tilv. 2025-04-01-0328.

Fiskistofa gerði samanburð á vigtunum á starfsstöð vigtunarleyfishafa á Bakkafirði, með þeim hætti að íshlutfall í afla sem vigtaður var að viðstöddum eftirlitsmönnum þann 31. mars og 2. apríl 2025, úr fiskiskipinu Finni NS-21, skipaskrárnúmer 1922, var borið saman við meðaltal íshlutfalls fyrri vigtana hjá fyrirtækinu á sama stað. Vegið meðal íshlutfall við endurvigtun á þorskafla úr skipinu undir opinberu eftirliti var 12,9%. Voru niðurstöður bornar saman við endurvigtun á þorski, á tímabilinu 12. mars til 2. apríl 2025 (að undanskildum vigtunum að eftirlitsmönnum viðstöddum), samtals 18 endurvigtanir, þar sem á framangreindu tímabili var vegið meðal íshlutfall þorskafla úr fyrrnefndu skipi 27,3% og mismunurinn því -14,4%. Fiskistofa leit svo á að niðurstöður endurvigtunar afla úr umræddu fiskiskipi dagana 31. mars og 2. apríl sl. hafi leitt í ljós veruleg frávik á íshlutfalli við endurvigtun hjá vigtunarleyfishafa í skilningi 3. mgr. 13. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.

II. Fyrri mál - Veruleg frávik á íshlutfalli

i. Aukið eftirlit með endurvigtun 3. - 12. ágúst 2022. Tilv. 2022-07-27-1990.

Dagana 20. og 21. júlí 2022 viðhafði Fiskistofa eftirlit með endurvigtun á þorskafla á starfsstöð málsaðila á Bakkafirði úr fiskiskipunum Vonin NS-41 (2458), Kristín ÞH-55 (7526), Eyja NS-88 (6261) og Aldís NS-73 (6765). Niðurstöður voru bornar saman við endurvigtun á þorski á tímabilinu 1. júní - 21. júlí 2022 og leiddu í ljós veruleg frávik í íshlutfalli við endurvigtun í skilningi 3. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1996. Á grundvelli þessa, með vísan til 3. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1996, viðhöfðu eftirlitsmenn Fiskistofu aukið eftirlit með allri endurvigtun sem framkvæmd var á starfsstöð vigtunarleyfishafa á Bakkafirði frá 3. - 12. ágúst 2022.

ii. Aukið eftirlit með endurvigtun 21. maí - 10. júní 2024. Tilv. 2024-05-20-0609.

Dagana 15. og 16. maí 2024 viðhafði Fiskistofa eftirlit með endurvigtun á þorskafla á starfsstöð málsaðila á Bakkafirði úr fiskiskipunum Vonin NS-41 (2458) og Patryk NS-27 (7168). Niðurstöður voru bornar saman við endurvigtun á þorski, annars vegar fyrir Vonin NS-41 (2458) á tímabilinu 5. - 16. maí 2024 og hins vegar fyrir Patryk NS-27 (7168) á tímabilinu 2. - 16. maí 2024, og leiddu í ljós veruleg frávik í íshlutfalli við endurvigtun í skilningi 3. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1996. Á grundvelli þessa, með vísan til 3. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1996, viðhöfðu



eftirlitsmenn Fiskistofu aukið eftirlit með allri endurvigtun sem framkvæmd var á starfsstöð vigtunarleyfishafa á Bakkafirði frá 21. maí til 10. júní 2024.

III. Athugasemdir málsaðila

Vísað er til erindis Fiskistofu, dags. 19. júní 2025 (tilv. 2025-04-01-0328). Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort skilyrði ákvæðis 7. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996 væru uppfyllt og eftir atvikum hvort stjórnsýsluviðurlögum yrði beitt á grundvelli þeirra. Engar athugasemdir bárust og málið er því afgreitt með hliðsjón af gögnum málsins og málsatvikum eins og þeim er lýst að framanverðu.

IV. Lagagrundvöllur

Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 segir að Fiskistofu sé heimilt, að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað, að veita einstökum aðilum leyfi til að vigta sjávarafla, enda hafi hann áður verið veginn á hafnarvog (endurvigtunarleyfi), skv. 1. mgr. 6. gr. Í II. kafla reglugerðar nr. 745/2016, sem sett er með stoðum í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996, er nánar fjallað um endurvigtun skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996. Þar eru taldar upp þær kröfur sem vigtunarleyfishafi þarf að uppfylla, m.a. til búnaðar til vigtunar og upplýsingar um gerð hans og löggildingar, til að Fiskistofu sé tækt að meta hvort unnt verði að fara í hvívetna að reglum sem gilda um vigtun sjávarafla. Þá er sérstaklega tilgreint í 17. gr. reglugerðar nr. 745/2016 hvernig reiknað hlutfall íss í afla skuli skráð á vigtarnótu. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar er Fiskistofu heimilt að framkvæma sérstaka athugun á íshlutfalli afla vegna eftirlits og getur stofnunin ákveðið að sú mæling verði lögð til grundvallar við aflaskráningu. Í 3. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1996 segir að ef í ljós kemur við eftirlit Fiskistofu hjá vigtunarleyfishafa verulegt frávik á íshlutfalli í afla skips í tiltekinni fisktegund miðað við meðaltal íshlutfalls skipsins í fyrri löndunum skal Fiskistofa fylgjast með allri vigtun hlutaðeigandi vigtunarleyfishafa í allt að sex vikur. Í 17. gr. laga nr. 57/1996 er fjallað um brot vigtunarleyfishafa, fyrirsvarsmanna hans, starfsmanna eða annarra sem í þágu hans starfa, og viðurlög vegna brotum á lögum nr. 57/1996 og reglum settum samkvæmt þeim. Í 7. mgr. sama ákvæðis kemur fram að ef ítrekað eru veruleg frávik á íshlutfalli í afla hjá skipum sem landa hjá vigtunarleyfishafa, sbr. 3. mgr. 13. gr., skal Fiskistofa afturkalla vigtunarleyfi hjá viðkomandi vigtunarleyfishafa í allt að eitt ár.

V. Mat Fiskistofu - Ítrekuð veruleg frávik á íshlutfalli

Fiskistofa gerði samanburð á vigtunum á starfsstöð vigtunarleyfishafa (málsaðila) dagana 31. mars og 2. apríl 2025, úr fiskiskipinu Finni NS-21, skipaskrárnúmer 1922, sem voru bornar saman við meðaltal íshlutfalls fyrri vigtana hjá fyrirtækinu á sama stað. Vegið meðal íshlutfall við endurvigtun á þorskafla úr skipinu undir opinberu eftirliti var 12,9%. Voru niðurstöður bornar saman við endurvigtun á þorski, á tilgreindu tímabili, þar sem vegið meðal íshlutfall reyndist vera 27,3% og mismunurinn því -14,4%. Þessi mismunur, þ.e. lægra íshlutfall þegar eftirlitsmenn Fiskistofu stóðu yfir endurvigtun í tvígang með stuttu millibili, samanborið við meðaltal íshlutfalls síðustu endurvigtana sem fram fóru án opinbers eftirlits, leiðir að mati Fiskistofa til þess að fyrir hendi séu yfirgnæfandi líkur til þess að aflamagn hafi í þessum tilvikum verið skráð minna en það raunverulega var, með rangri skráningu íshlutfalls. Til að meta hvort skilyrði 3. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1996 séu uppfyllt, þ.e. að um veruleg frávik á íshlutfalli sé að ræða, verður ávallt að gæta meðalhófs og jafnræðis við beitingu ákvæðisins. Ekki eru settir neinir tölulegir mælikvarðar þar sem Fiskistofu er ætlað að meta í hverju tilfelli fyrir sig hvort um veruleg frávik sé að ræða. Í framkvæmd Fiskistofu, við mat á því hvort að um veruleg frávik á íshlutfalli sé að ræða í sambærilegum málum, hefur verið horft til þess að



sé mismunurinn 5% eða meira sé um veruleg frávik að ræða í skilningi ákvæðisins. Mismunurinn í tilviki málsaðila er langt umfram þau viðmið, eða -14,4%. Af þeim sökum lítur Fiskistofa svo á að niðurstöður endurvigtunar afla úr umræddu fiskiskipi dagana 31. mars og 2. apríl sl. hafi leitt í ljós veruleg frávik á íshlutfalli við endurvigtun hjá vigtunarleyfishafa í skilningi 3. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1996 og efnisskilyrði ákvæðisins því uppfyllt.

Við mat á því hvort skilyrði 7. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996 séu uppfyllt í tilviki málsaðila ber að líta til þess, eins og að framan er rakið, að í tvígang hefur komið í ljós verulegt frávik á íshlutfalli hjá málsaðila og hann af þeim sökum sætt auknu eftirliti á grundvelli 3. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1996 oftast en einu sinni, sbr. framangreind mál 2022-07-27-1990 og 2024-05-20-0609. Með vísan til þess, og með hliðsjón af því að veruleg frávik voru á íshlutfalli við vigtanir málsaðila dagana 31. mars og 2. apríl 2025, telur Fiskistofa að skilyrði ákvæðis 7. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996 séu uppfyllt, þ.e. að ítrekað hafi orðið veruleg frávik á íshlutfalli hjá skipum sem landa hjá málsaðila, sbr. 3. mgr. 13. gr. sömu laga.

Fiskistofa telur skilyrði ákvæðis 7. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996, um ítrekuð veruleg frávik á íshlutfalli vera uppfyllt, í kjölfar aukins eftirlits Fiskistofu með allri vigtun vigtunarleyfishafa í tvígang, þegar veruleg frávik urðu í þriðja sinn við eftirlit Fiskistofu dagana 31. mars og 2. apríl 2025.

Í athugasemdum í greinargerð að baki frumvarpi því er varð að lögum nr. 163/2006 (Breyting á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar) og breyttu m.a. 17. gr. laga nr. 57/1996, kemur fram að vigtunarleyfishöfum er treyst til að annast mjög mikilvægan þátt í fiskveiðistjórnunarkerfinu þar sem einstakar útgerðir og fiskiskip hafa takmarkaðar aflaheimildir. Því er sanngjarnt og eðlilegt að þær kröfur séu gerðar til leyfishafa að þeir sýni í verki að þeir séu traustsins verðir. Í ljósi alls þessa er nauðsynlegt að hafa reglur um afturköllun vigtunarleyfa þannig að þær veiti þeim sem ábyrgð bera á vigtun afla nægilegt aðhald. Þá er eðlilegt og sanngjarnt að harðar sé tekið á brotum, sem bersýnilega leiða til að afli verði ranglega skráður, en brotum þar sem vikið hefur verið frá reglum að einhverju leyti án þess þó að það leiði bersýnilega til rangskráningar á afla. Í 7. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996 segir að Fiskistofa skuli afturkalla vigtunarleyfi hjá viðkomandi vigtunarleyfishafa í allt að eitt ár, séu skilyrði ákvæðisins fyrir hendi. Niðurstaða Fiskistofu er sú að þau séu uppfyllt.

Þegar ítrekað eru veruleg frávik á íshlutfalli í afla hjá skipum sem landa hjá vigtunarleyfishafa, sbr. 3. mgr. 13. gr., hefur löggjafinn mælt svo fyrir að Fiskistofa skuli afturkalla vigtunarleyfi hjá viðkomandi vigtunarleyfishafa í allt að eitt ár, skv. 7. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996. Ákvæðið kveður á um skyldu Fiskistofu til að bregðast við aðstæðum sem þessum, eins og gögn málsins bera með sér, þ.e. þegar fyrir hendi er ítrekað verulegt ósamræmi í skráningu á afla eftir því hvort opinbert eftirlit hafi átt sér stað eða ekki. Markmið ákvæðisins var að styrkja heimildir Fiskistofu til að hafa virkara eftirlit með vigtunarleyfishöfum þegar rökstuddur grunur er um ranga skráningu íshlutfalls og til að gera eftirlitið skilvirkara og tryggja þannig nákvæmari skráningu í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Aukið eftirlit skv. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1996 hefur tvívegið verið viðhaft í aðdraganda þess að aftur kom upp verulegt ósamræmi á íshlutfalli hjá málsaðila í máli þessu, dagana 31. mars og 2. apríl 2025. Tilgangur ákvæðis 7. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996 er svo að Fiskistofa geti brugðist við aðstæðum þar sem aukið eftirlit skv. 3. mgr. 13. gr. er fullreynt og hefur ekki náð markmiði sínu, þ.e. að veita vigtunarleyfishafa ráðrúm til að koma framkvæmd endurvigtunar í lögmætt horf. Ekki hefur orðið viðunandi/fullnægjandi breyting á starfsháttum málsaðila þrátt fyrir að hafa fengið tækifæri í tvígang til að koma málum sínum í betra horf, sbr. mál 2022-07-27-1990 og 2024-05-20-0609.



Ákvæði 7. mgr. 17. gr. felur í sér viðbrögð við ítrekuðum ófullnægjandi starfsháttum vigtunarleyfishafa. Á það við í tilviki málsaðila í máli þessu, og að mati Fiskistofu eru líkur á því að um kerfisbundið misræmi í íshlutfalli sé að ræða, enda hafi niðurstöður eftirlits Fiskistofu, í þriggja, leitt til þeirrar niðurstöðu að veruleg frávik séu á íshlutfalli við framkvæmd endurvigtunar, miðað við íshlutfall við endurvigtanir málsaðila án opinbers eftirlits. Eðli málsins samkvæmt má af þessu ráða að líkur séu til að aflamagn hafi í þessum tilvikum verið skráð minna en það raunverulega var, og er það almennt séð til þess fallið að hafa í för með sér fjárhagslegan ávinning í skilningi laga nr. 57/1996, enda dregst sá afli ekki frá aflamarki viðkomandi skipa.

Við mat á þeim hagsmunum sem röng skráning afla ógnar lítur Fiskistofa til þess að þeir sem hafa leyfi til endurvigtunar á sjávarafli, eru með leyfisveitingunni treyst til þess að framkvæma, í samræmi við ákvæði laga og reglugerða, vigtun á afla sem veiddur er úr auðlind sem er í eigu allra landsmanna. Leyfið er veitt í trausti þess að leyfishafi hagi framkvæmd vigtunar í samræmi við lög og reglur og að öll framkvæmd einkennist af því öryggi og festu sem endurspeglir hina ríku almannahagsmunum sem felist í vigtuninni, enda byggist endanleg aflaskráning á henni. Ófullnægjandi starfshættir málsaðila ógna að mati Fiskistofu framangreindum hagsmunum.

Af öllu framangreindu og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, telur Fiskistofa, með hliðsjón af meðalhófs- og jafnræðisreglu stjórnisýsluréttarins, að skilyrði til beitingar 7. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996 séu uppfyllt. Í ljósi þess hvernig málsatvikum í máli þessu er háttað, þegar upp hafa komið ítrekað veruleg frávik á íshlutfalli í afla sem fór til endurvigtunar hjá málsaðila, þykir rétt að líta til orðalags 4. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996, við mat á því hvenær málsaðila er fært að sækja um leyfi að nýju. Að mati Fiskistofu eru veruleg frávik á íshlutfalli þess eðlis að líkur séu til að aflamagn sé skráð minna en það raunverulega er, sem bersýnilega leiðir til þess að afli verði ranglega skráður. Með hliðsjón af þessu telur Fiskistofa, við mat á viðurlögum, ekki koma til álita að málsaðila verði veitt vigtunarleyfi að nýju fyrr en 26 vikur eru liðnar frá afturköllun vigtunarleyfis.

Fiskistofa afturkallar hér með endurvigtunarleyfi málsaðila, Bjargið ehf., á Bakkafirði, frá og með 1. september 2025, skv. 7. mgr. 17. gr. laga nr. 57/1996, vegna ítrekaðra og verulegra frávika á íshlutfalli í afla hjá skipum sem landa hjá málsaðila, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1996. Málsaðila skal ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en 26 vikur eru liðnar frá afturköllun. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár skv. 19. gr. sömu laga.

Kæruheimild

Ákvörðun um afturköllun endurvigtunarleyfis er kæraneleg til atvinnuvegaráðuneytis, Borgartúni 26, 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því að málsaðila var tilkynnt um ákvörðunina, sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Kæru skal beint til ráðuneytisins skriflega eða með tölvupósti á netfangið atr@atr.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1992.

